

Ársskýrsla orlofsnefndar húsmæðra í Hafnarfirði fyrir árið 2016.

Árið 2016 var gott orlofsár. Á tilteknum tíma var sent bréf til Hafnarfjarðarbæjar þar sem farið var fram á hina árlegu greiðslu til orlofsnefndar. Greiðslan skilaði sér á réttum tíma.

Orlofsnefndir úr sveitarfélögunum hér á stór Reykjavíkursvæðinu hittust til skrafs og ráðagerða í febrúar eins og verið hefur sl. ár.

Að þessu sinni voru farnar tvær utanlandsferðir. Fyrri ferðin var farin í byrjun nóvember til Þýskalands. Gist var á hóteli í þriggja fljóta borginni Passau (Dóná, Inn og Ilz). Dagsferð var farin til Césky Krumlov í Tékklandi, sem er fögur borg og er hún á heimsminjaskrá Samneinuðu þjóðanna. Einnig var farið í siglingu niður Dóná inn í Austurríki.

Seinni ferðin var í byrjun desember það var jólamarkaðsferð til Koblenz í Þýskalandi. Gengið var um borgina og skoðað ma. "Þýska hornið" þar sem árnar Mosel og Rín renna saman. Það var lítið við jólamarkaði í Koblenz og farið til Rüdesheim og skoðaður þar jólamarkaður og farið í vínsmökkun. Einnig var komið við á Lorelei kletti.

Báðar þessar ferðir heppnuðust að öllu leiti vel. Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar sá um ferðirnar og fararstjóri í þeim báðum var Emil Örn Kristjánsson.

Um 80 konur fóru í ferðirnar og hafði stór hluti þeirra aldrei farið áður með húsmæðraorlofinu. Nokkrar hafnirskar konur fóru í ferðir með orlofsnefndum annarra sveitarfélaga.

Nefndin skipulagði ferðirnar og auglýsti í Fjarðarpóstinum og hélt fjölmennan kynningarfund.

Nefndin tók á móti umsóknum og yfirfór þær, en reglur kveða svo á að konur sem aldrei hafa farið í ferðir með nefndinni hafi forgang og konur sem sjaldan hafa farið.

Lög um húsmæðraorlof eru enn í gildi.

Orlofsnefnd húsmæðra í Hafnarfirði færir Bæjarstjórn Hafnarfjarðar þakkir fyrir veittan stuðning.

Núverandi stjórn Orlofsnefndar:  
Svanhildur Guðmundsdóttir  
Kristín Gunnbjörnsdóttir  
Kristín Edvardsdóttir  
Hildur Helga Gísladóttir  
Hafdís Magnúsdóttir  
Sigrún Ósk Ingadóttir

Virðingarfyllst  
Fh. Orlofsnefndar húsmæðra í Hafnarfirði

*Svanhildur Guðmundsdóttir*



## Orlofsnefnd Húsmæðra í Hafnarfirði

Rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir árið 2016

### Rekstrarreikningur

	<u>2016</u>
<b>Tekjur:</b>	
Framlag frá Hafnarfjarðarbæ	3.015.482
Vextir á reikningi 0544-04-763009	174.184
Vextir á reikningi 0544-26-1854	<u>1.121</u>
Samtals:	3.190.787
Í sjóði frá fyrra ári:	<u>3.291.990</u>
Samtals:	6.482.777

### Gjöld:

A4 verslun		12.723
Kostnaður vegna ferða (auglýsingar)	Keilir	22.952
Framleiðslugjald debetskorts		1.100
Framlag með konum til Passau	G.J. Travel	1.410.000
Framlag með konum með öðrum orlofsnefndum		170.000
Sómi vegna fundur		14.720
Fjármagnstekjuskattur		35.056
Þjónustugjald		<u>495</u>
Samtals:		1.667.046
Peningar í sjóði:		<u>4.815.731</u>
Samtals:		6.482.777

### Eignir:

Reikningur 0544-26-1854	79.981
Reikningur 0544-04763009	<u>4.735.750</u>
Samtals:	<u>4.815.731</u>

Hafnarfjörður 4 maí 2017



Kristín Edvardsdóttir Gjaldkeri.



Skoðunarmenn reikninga.